

Gos í Eyjafjallajökli - staða 15. maí 2010 kl. 15:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Steinunni S. Jakobsdóttur og Sigrúnu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurradar, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Er að jafnaði um 6-7 km skv. veðurratsjá, fer upp í 8 km.

Stefna: Suðvestur og síðan suður (skv. veðurkortum og gervitunglamynd NOAA).

Litur: Grár.

Gjósufall: Tilkynningar um öskufall eru undan Eyjafjöllum. Í Drangshlíðardal byrjaði öskufjúk/öskufall um kl. 8 í morgun. Við Ásólfskála hefur fremur gróf aska með fingerðum salla verið að falla í logni síðan í gær.

Eldingar: Á þriðja tug eldinga hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar frá því í gærkvöldi.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Rennsli við Gígjökul er lítið líkt og undanfarna daga.

Aðstæður á gosstað: Gosmökkurinn er ívið hærri en í gær. Ekkert könnunarflug var í dag, en samkvæmt vefmyndavélum eru litlar breytingar.

Órói: Óróinn er nokkuð stöðugur og hefur verið svipaður síðustu vikuna.

Jarðskjálftar: Hrina jarðskjálfta hófst undir Eyjafjallajökli rétt fyrir miðnætti. Skjálftarnir, sem allir voru undir Ml 2 að stærð, áttu upptök sín á yfir 20 km dýpi. Hrinan var að mestu gengin yfir kl. 3 í nótt, en stöku skjálfti mældist fram á morgun. Alls mældust á fjórða tug skjálfta.

GPS-aflögun: Færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig, en óreglulegar sveiflur í hæð GPS-stöðva næst eldstöðinni síðasta sólarhringinn.

Heildarmat: Gosvirknin virðist áfram nokkuð stöðugt. Aðeins virðist hafa gefið í mökkinn við skjálftana í nótt. Ekkert bendir til þess að gosinu sé að ljúka.